

13. Fundur Afréttarmálanefndar Gnúpverjafréttar

Fundarstaður: Árnes Dagsetning: 20. ágúst 2020 Tími: 17:30 Fundargerð nr.13

Fundinn sátu: Arnór Hans Þrándarson, Gylfi Sigríðarson, Lilja Loftsdóttir, Guðmundur Árnason og Bjarni Ásbjörnsson.

Fundarefni: Fjallskil og framkvæmd fjallferða og rétta

1. Farið yfir hvernig réttir verða framkvæmdar miðað við 100 manns að hámarki vegna covid. Ákveðið að allir fjallmenn fari í réttir og allir fjáreigendur fái allavega einn mann. Rest verði deilt niður á fjáreigendur miðað við fjölda kinda á fjalli upp í 95 manns en Björgunarsveitin Sigurgeir og fulltrúi sveitafélagsins hafi 5 manns. Annars farið eftir leiðbeiningum um sóttvarnir sem gefnar voru út af Almannavörnum.
2. Fjallsafn og eftirsafn er orðið fullmannað. Sendum aukamenn inn í Sandleit og Norðurleit fyrir Skeiða- og Flóamenn þar sem ekki má blanda hópum saman vegna covid. Búið að manna allar þær stöður. Ákveðið að Dalsárleit gisti í Hólaskógi alla fjallferðinna til að fjallmenn geti sem best farið eftir sóttvarnareglum og gista þá á neðri hæðinni, en á síðasta degi þegar allir koma saman gista aðrir fjallmenn á efri hæð Hólaskógar. Annars verður smölun með hefðbundnum hætti. Sveitafélagið ætlar að skaffa spritt og grímur fyrir fjallmenn. Fjárhagsáætlun fjallskila er á meðfylgjandi blaði.

Fundi slitið: 20:00

Arnór Hans Þrándarson